



## Skipulagsstofnun

Borgartún 7b  
105 Reykjavík

## Dalvíkurlína 2, umsögn

Vegagerðin hefur farið yfir tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu og umhverfismatsskýrslu fyrir Dalvíkurlínu 2 skv. tölvupósti dags. 26.7.2022.

Hörgársveit vinnur að undirbúningi fyrir breytingu á aðalskipulagi m.a. með breytta framtíðarlegu Hringvegar (1) í huga. Þar er gert ráð fyrir nokkurri breytingu á köflum á milli Akureyrar og Ólafsfjararvegar (82) auk uppbyggingu hliðarvega og göngu- og hjólastíga. Í umsögnum við skipulagslýsingu sveitarfélaga kom eftirfarandi fram:

*EKKI ERU GERÐAR ATHUGASEMDIR VIÐ STAÐSETNINGU DALVÍKURLÍNU 1 Á AÐALSKIPULAGI EN VIÐ NÁNARI HÖNNUN ÞARF STAÐSETNING AÐ TAKA TILLIT TIL FRAMTÍÐARHÖNNUNAR VEGARINS OG FJARLÆGGÐAR Á MILLI LÍNU OG VEGAR. ÞETTA Á VIÐ UM BÆÐI HRINGVEG OG ÓLAFSFJARARVEG. FRAMKVÆMDIR INNAN VEGHELGUNARSVÆÐA ERU HÁÐAR LEYFI FRÁ VEGAGERÐINI. VEGHELGUNARSVÆÐI STOFNVEGA ER 30 M BREITT, TIL HVORRAR HANDAR FRÁ MIÐLÍNU VEGAR. ÖRYGGISSVÆÐI ER NÆST VEGI OG UM ÞAÐ GILDA SÉRSTAKAR REGLUR, VERÐI RASK INNAN ÖRYGGISSVÆÐIS SEM VEGAGERÐIN SKILGREINIR MÁ BÚAST VIÐ AÐ FARIÐ FRAM Á AÐ LOKAFRÁGANG SAMKVÆMT ÞEIM REGLUM.*

Gott væri að sjá mynd, sambærilega mynd 14, þar sem strengur liggur næst vegi en jafnframt sjást vegur og stígur.

Sækja þarf um leyfi til Vegagerðarinnar vegna allra framkvæmda og mannvirkja innan veghelgunarsvæðis, svo sem skurðum, lögnum í jörð eða yfir jörð og stígum. Á það einnig við þótt framkvæmdir eða mannvirki eru í samræmi við gildandi skipulag.

Vegagerðin óskar eftir áframhaldandi samstarfi við Landsnet og sveitarfélög varðandi strenglög. Vegagerðin telur út frá vegum og umferð að framkvæmdin skuli ekki teljast matsskyld en ítrekar ofangreint samráð.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Magnús Björnsson


Undirskrift

Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

 Skipulagsstofnun
Mótt.: 19 sep. 2022
Málnr. _____
_____

Hafnarfjörður 12. september 2022  
Tilv. 2022-07-26-1988/2.4.2

Efni: Varðar Dalvíkurlínu 2

Með tölvupósti þann 26. júní sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaða lagningar Dalvíkurlínu 2. Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að línan komi til með að þvera Hörgá og Þorvaldsdalsá. Nokkur veiði er í Hörgá en minna í Þorvaldsdalsá. Bleikjuveiði hefur minnkað mikið í ám í Eyjafirði á undanförunum árum, líkt og nokkuð almennt má segja um bleikjuveiði á Íslandi.

Framkvæmdin mun fela í sér rask þegar strengur verður grafinn undir botn umræddra veiðivatna. Má ætla að það rask verði staðbundið og tímabundið.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði kunna að vera háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Fiskistofa mun m.a. kalla eftir álitum sérfræðinga á hugsanlegum áhrifum framkvæmdanna á lífríki ána og meta hvort þörf verði á sérstökum rannsóknum eða vettvangsathugunum áður en til framkvæmda komi.

Miðað við forsendur í fyrirbyggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa

  
Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. september 2022  
UST202208-313/B.S.  
10.05.04

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Dalvíkurlína. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 31. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda í Friðlandi Svarfdæla.

Fyrirhugað er að leggja Dalvíkurlínu 2 sem er ný tenging alfarið í jörð milli Akureyrar og Dalvíkur.

Innan Friðlands Svarfdæla verður strengurinn lagður með Ólafsfjarðarvegi og um Svarfaðardalsá verður strengurinn líklegast grafinn í árbotninn. Forðast ætti að gera púða fyrir strenginn við ána en við Búrfell II taldi Umhverfisstofnun slík vinnubrögð slæm og féll Landsvirkjun frá þessu verklagi.

Í greinargerðinni kemur fram að reynt verði að hefja framkvæmdir næsta sumar þegar land er sem þurrast og draga með þeim hætti úr slóðagerð. Að mati Umhverfisstofnunar er þetta mjög jákvætt til að draga sem mest úr jarðraski. Reynsla af sambærilegum framkvæmdum hefur sýnt að þegar strengir eru grafnir í laus jarðlög í grónu landi hverfa ummerki fljótt, sérstaklega þar sem vandað hefur verið til verka.

Umhverfisstofnun telur ekki að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Sækja þarf um leyfi til framkvæmda innan Friðlands Svarfdæla til Umhverfisstofnunar. Í umsókninni þarf að gera grein fyrir verklagi innan Friðlandsins og í leyfinu mun Umhverfisstofnun setja skilyrði um verklag, frágang og eftirlit.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

## Heilb.eftirlit Norðurlands eystra Umsagnarbeiðni - Dalvíkurlína 2

**Til** : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>  
**Frá** : Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra <hne@akureyri.is>  
**CC** : Egill Þórarinnsson - SLS <Egill.Thorarinsson@skipulag.is>; Jakob Gunnarsson - SLS <Jakob.Gunnarsson@skipulag.is>  
**Heiti** : Heilb.eftirlit Norðurlands eystra Umsagnarbeiðni - Dalvíkurlína 2  
**Málsnúmer** : 202207001  
**Málsaðili** : Landsnet hf  
**Skráð dags** : 31.08.2022 00:00:00  
**Höfundur** : Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra <hne@akureyri.is>  
**Viðhengi** [FUM-DA2 \(ID 259769\).pdf](#)  
[image001.jpg](#)

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE) hefur kynnt sér meðfylgjandi áform um Dalvíkurlínu 2- 66 KV jarðstrengur á milli Akureyrar og Dalvíkur og telur að að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Að mati HNE er ekki þörf á því að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Efnistaka og vinnsla er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Virðingarfyllst

Alfreð Schiöth

heilbrigðisfulltrúi

---

**From:** Egill Þórarinnsson - SLS  
**Sent:** þriðjudagur, 30. ágúst 2022 16:20  
**To:** Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra  
**Subject:** FW: Umsagnarbeiðni - Dalvíkurlína 2

You don't often get email from [egill.thorarinsson@skipulag.is](mailto:egill.thorarinsson@skipulag.is). [Learn why this is important](#)

Góðan dag,

Ég minni á beiðni Skipulagsstofnunar, dags. 26. júlí síðastliðinn, um umsögn varðandi ofangreinda framkvæmd fyrir 24. ágúst 2022. Umsögnin óskast send hið allra fyrsta og einnig á netföngin: [jakob@skipulag.is](mailto:jakob@skipulag.is) og [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).

Með kveðju,

---

**Egill Þórarinnsson**

Sviðsstjóri, svið umhverfismats / Division Head, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100

[Egill.Thorarinsson@skipulag.is](mailto:Egill.Thorarinsson@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

## Umsögn Hörgársveitar

**Til** : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>  
**Frá** : Vigfús Björnsson <vigfus@sbe.is>  
**Heiti** : Umsögn Hörgársveitar  
**Málsnúmer** : 202207001  
**Málsaðili** : Landsnet hf  
**Skráð dags** : 29.08.2022 00:00:00  
**Höfundur** : Vigfús Björnsson <vigfus@sbe.is>

Góðan dag.

Hörgársveit barst 26. júlí 2022 erindi frá Skipulagsstofnun þar sem farið er fram á umsögn sveitarfélagsins um framkvæmdatilkynningu Landsnets vegna lagningar Dalvíkurlínu 2, 66 kV jarðstrengs sem liggur um sveitarfélagið.

Ekki er gert ráð fyrir umræddu mannvirki í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins en í gangi er vinna við að færa Dalvíkurlínu 2 inn á skipulagið. Því er gert ráð fyrir að framkvæmdin muni samræmast aðalskipulagi þegar að framkvæmdaleyfisumsókn kemur.

Samhliða lagningu jarðstrengsins verður lagður vinnulóði og hyggst Hörgársveit að strenglögnum lokinni byggja ofan á slóðann og nýta hann sem göngu- og hjólaleið um sveitarfélagið. Ekki er gert ráð fyrir göngu- og hjólaleiðinni í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins en hún verður færð inn á skipulagið ásamt jarðstrengnum í yfirstandandi skipulagsverkefni.

Vegna fyrirhugaðrar nýtingar vinnulóðans sem göngu- og hjólaleiðar er Hörgársveit umhugað um að ekki gæti heilsuspillandi raf- eða segulsviðsáhrifa við jarðstrenginn. Hörgársveit kallar eftir að greinargerð um áhrif raf- og segulsviðs í nágrenni strengsins á öryggi og heilsu fólks og vistkerfis sé lögð fram og eftir atvikum bætt við framkvæmdatilkynninguna.

Hörgársveit telur ekki ástæðu til að framkvæmdin undirgangist umhverfismat.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hörgársveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með bestu kveðju,

**Vigfús Björnsson**

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar

Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri

S: 463 0621 / Tölvupóstur: [sbe@sbe.is](mailto:sbe@sbe.is)



# HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfirði 24. ágúst 2022.  
Mál: 2022-08-0486

**Efni:** Lagning 66 kV jarðstrengs á milli Akureyrar og Dalvíkur. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar og umhverfismatskýrsla aðalskipulagsbreytinga Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggðar og Hörgársveitar

Skipulagsstofnun óskaði, með tölvupósti dagsettum 26. júlí 2022 eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um tilkynningu Landsnets vegna áforma um lagningu Dalvíkurlínu 2 í jarðstreng milli Akureyrar og Dalvíkur.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þurfi að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir umsögn um ofangreinda framkvæmd.

## Umsögn

Sá þáttur umhverfisáhrifa ofangreindrar framkvæmdar, sem einkum snýr að þekkingarsviði Hafrannsóknastofnunar, eru áhrif á lífríki í vatni. Hafrannsóknastofnun skilaði í janúar s.l. umsögn til embættis skipulags- og byggingafulltrúa Eyjafjarðar varðandi þessa framkvæmd, þar sem umhverfisáhrif á lífríki í vatni voru talin óveruleg og tímabundin, að því gefnu að í hvívetna væri leitast við að lágmarka umhverfisáhrifin og að vel frá framkvæmdastað gengið. Í tilkynningu Landsnets til ákvörðunar um matsskyldu er tiltekið að ár verði þveraðar með því að grafa þrjú ídráttarrör undir þær, á um 60 cm dýpi undir árbotninum.

Þar sem strengurinn (ídráttarrör) verða grafin undir ár, þarf væntanlega að gera fyrirstöðustíflur og/eða framhjálaup í árfarvegum á meðan á framkvæmdum í vatnsfarvegum stendur. Slíkar þveranir hafa í för með sér mun meira rask og hættu á neikvæðum áhrifum á lífríki en ef t.d. er unnt að plægja ídráttarrör í árbotn. Mikilvægt er leitast sé við að framkvæmdir séu utan viðkvæmasta tíma fyrir lífríki og nýtingu og stytta framkvæmdatíma og áhrifasvæði sem mest.

Hafrannsóknastofnun telur að skýra þurfi mun betur það verklag sem til stendur að viðhafa við þveranir vatnsfalla á lagnaleiðinni, s.s.varðandi tilhögun, umfang og framkvæmdatíma. Ekki er hægt að meta áhrif á vatnalífriki fyrir en en frekari útfærslur á þverunum liggja fyrir.

Jafnframt þarf að hafa í huga að ef skurðir halla að vatnsföllum geta laust jarðefni borist með vatni út í ár og læki, t.d. ef um mikla úrkomu er að ræða. Í slíkum tilfellum er mikilvægt að settjarnir séu á skurðum við vatnsbakka sem taki við föstu efni.

Hafrannsóknastofnun er rannsóknastofnun og hefur ekki með leyfisveitingar vegna framkvæmda að gera.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,



---

Guðni Guðbergsson



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. ágúst 2022  
Málsnúmer: 202207-0038  
SS

## Efni: Umsögn um matsskyldu Dalvíkurlínu 2.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 27. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Landsnets á Dalvíkurlínu 2 ætti að vera háð mati á umhverfisáhrifum í samræmi við lög nr. 111/2021 eða ekki.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni og veitir eftirfarandi umsögn:

Um er að ræða lagningu 66 kV jarðstrengs frá Rangárvöllum á Akureyri til Dalvíkur eða um 41 km langa vegalengd.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til sveitarfélaganna þriggja sem línan liggur um (Akureyri, Dalvíkurbyggð og Hörgársveit) um skipulagslýsingu vegna Dalvíkurlínu 2, þann 18. janúar 2022. Í þeirri umsögn kom fram að stofnunin teldi jákvætt að fyrirhugað væri að leggja jarðstreng frá Akureyri til Dalvíkur frekar en loftlínu og að strengurinn yrði lagður að mestu leyti í veglínu vegakerfis sveitarfélagana. Gerð var athugasemd við að næst Dalvík viki lega jarðstrengsins frá veglínu og færi yfir votlendi við Hálsá sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga og einnig yfir lítt raskað svæði innan friðlands Svarfaðardals. Lagði stofnunin til að aðrir kostir yrðu skoðaðir innan þess svæðis til að lágmarka neikvæð áhrif á náttúrfar sem nýtur verndar.

Í þeirri framkvæmd sem er nú tilkynnt til Skipulagsstofnunar hefur orðið sú breyting þess efnis að áætluð lega jarðstrengsins er ekki lengur um votlendi næst Dalvík heldur fylgir strengurinn að öllu leyti veglínum á því svæði og í raun á allri legu strengsins nema næst Akureyri þar sem strengurinn mun á frekat stuttum vera lagður yfir gróðurlendi frá Hlíðarvegi í Kræklingahlíð að tengivirkinu við Rangárvelli. Það gróðurlendi er einkum graslendi og ræktarland sem mun raskast en er ekki metið með hátt verndargildi.

Í ljósi þessarar breytingar og að þar með sé áætlað að strengurinn liggja alltaf með vegstæðum þegar um viðkvæm náttúrusvæði er að ræða telur Náttúrufræðistofnun að framkvæmdin sem aðalvalkosturinn felur í sér sé ekki þess eðlis að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum.

Þar að auki er í tilkynningunni fjallað gaumgæfilega um möguleg umhverfisáhrif og m.a. bornir saman ýmsir valkostir. Einnig er fjallað um mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir áhrif vegna framkvæmdarinnar t.d. að tímasetja framkvæmdir utan viðkvæmra tíma fyrir lífríkis ss. varp fugla og göngu laxfiska.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs





Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 22. ágúst 2022  
Mf202208-0052/ 6.07 / K.M.

## Efni: Dalvíkurlína 2 – 66 kV jarðstrengur á milli Akureyrar og Dalvíkur.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 26. júlí s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

Með tölvupóstinum fylgdi skýrsla Landsnets, tilkynning til Skipulagsstofnunar. Þar kemur fram að skýrslan sé einnig umhverfismatsskýrsla aðalskipulagsbreytinga vegna framkvæmdarinnar.

Í skýrslu Landsnets segir að Dalvíkurlína 2 verði nýr 66 kV jarðstrengur sem liggja eigi frá tengivirki á Rangárvöllum á Akureyri að tengivirki við Dalvík. Jarðstrengurinn verði um það bil 41 km langur og að framkvæmdasvæðið liggja um ríflega 60 jarðir í þremur sveitafélögum, Akureyrarbæ, Hörgársveit og Dalvíkurbyggð. Fyrirhuguð framkvæmd við Dalvíkurlínu 2 kalli á breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaganna þriggja.

Í skýrslunni kemur fram að settur hefur verið fram aðalvalkostur lagnaleiðar sem útfærður hefur verið í samráði við sveitarfélög, landeigendur og aðra hagsmunaaðila. Fyrir einstaka kafla lagnaleiðarinnar geta þó aðrir kostir komið til greina. Aðalvalkosti strengsins er þannig lýst í skýrslu Landsnets að hann gerir ráð fyrir því að á meginþorra leiðarinnar verði strengurinn lagður með vegum. Gert er ráð fyrir því að strengurinn liggja frá tengivirki á Rangárvöllum meðfram slóða nærri núverandi loftlínu Landsnets að Hrappsstaðaá. Þar þverar strengurinn ræktarland á um 600 m kafla að Hlíðarvegi. Strengurinn fylgir Hlíðarvegi að landamörkum Hraukbæjarkots og Dvergasteins. Landamörkunum verður fylgt til austurs að Hringveginum, Þjóðvegi 1. Strengurinn liggur vestan Þjóðvegar 1 í Kræklingahlíð og vestur fyrir gatnamót Þjóðvegar 1 og Ólafsfjarðarvegar. Þar tengist hann Ólafsfjarðarvegi og liggur með honum til norðurs að bænum Syðri-Haga. Þar þverar strengurinn veginn og liggur austan hans og norðan að tengivirkinu við Dalvík.

Gerð er grein fyrir fjórum valkostum (1A, 1B, 1C og 1D) strengleiðarinnar á þremur stöðum á lagnaleiðinni, við Hlíðarveg, við Hörgá og tveimur valkostum frá Hámundastaðahálsi að tengivirki við Dalvík.

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnvöldum og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnvöldulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*

Í skýrslu Landsnets kemur fram að jarðstrengurinn verði grafinn í skurð sem er um 1,25 m á dýpt og með um 0,8 m botnbreidd. Helgunarsvæði 66 kV jarðstrengs er samtals 7 m. Svæðið er tvískipt. Annars vegar er um að ræða öryggissvæði næst strengnum, til beggja átta. Hins vegar liggur svokallað athafnasvæði utan öryggissvæðisins sem gera má ráð fyrir að verði fyrir raski á framkvæmdatíma. Reynt verði að lámarka slóðagerð með því að nýta fyrirliggjandi slóða og vegi. Strengurinn muni að stærstum hluta liggja í eða utan í vegum nema mögulega á einstaka styttri köflum. Efnisþörf vegna framkvæmdarinnar er tvíþætt, annars vegar er um að ræða strengjasand í skurði og hins vegar efni í vegslóða og plön. Efni til slóðagerðar mun koma úr námum sem eru í rekstri í grennd við framkvæmdasvæðið en verktakar munu sjá um að útvega allt efni.

Fjallað er um fornleifar í kafla 6.7 í skýrslu Landsnets. Þar er m.a. vísað í umsögn minjavarðar Norðurlands eystra um skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sem gera þarf í tengslum við Dalvíkurlínu 2. Í umsögn minjavarðar kemur fram að fyrir liggja eldri skýrslur þar sem gerð er grein fyrir skráningu fornleifa á nokkrum svæðum innan helgunarsvæðis Dalvíkurlínu 2. Skýrslurnar eru taldar upp í umsögninni og þar kemur fram að aðeins eitt skráningarverkefnið uppfyllir núgildandi staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu vegna skipulags. Minjavörður Norðurlands eystra fer í umsögn sinni fram á að fornleifaskráning á áætluðu áhrifasvæði Dalvíkurlínu 2 verði endurskoðuð. Bent er á að skrá þurfi alla valkosti strengsins svo ekki þurfi að stöðva framkvæmdir og kalla fornleifafræðing aftur til ef breyta þarf plönunum. Þá kemur fram að fornleifafræðingur þurfi að ganga fyrirhugaða strengleið og taka út 30 m belti, 15 m sitthvoru megin við miðlínu strengsins. Ekki sé þörf á að ganga svæði þar sem strengurinn muni liggja í vegöxlum, í eldri lagnaskurðum eða þar sem hefur verið jarðvegsskipt. Þó þurfi að líta yfir slík svæði, jafnvel úr ökutæki. Bent er á að minjar kunni einnig að leynast innan veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar.

Í kafla 3 í skýrslu Landsnets kemur fram að sveitarfélagið Dalvíkurbyggð hyggst nýta slóða sem verður til við framkvæmdina sem göngu- og hjóltreidastíg. Af þessum ástæðum óskaði sveitarfélagið eftir því að við Stóra-Hámundarstaðaháls yrði strengurinn lagður austan við Ólafsfjarðarveg þar sem svæðið þar hentaði betur fyrir útivist af þessu tagi. Af þessum sökum mun strengleiðin liggja um helgunarsvæði friðlýstra minja í landi Stóru-Hámundarstaða. Þá segir að þann 14. júní 2022 hafi Landsnet átt fund með minjaverði Norðurlands eystra þar sem þessi áform voru kynnt og kallað eftir aðstoð við útfærslu. Minjavörður hafi talið að mögulegt væri að leggja strenginn án þess að raska sýnilegum ummerkjum fornminja á svæðinu. Í samræmi við ráðleggingar Minjastofnunar mun Landsnet kalla eftir sérstöku eftirliti fornleifafræðings við framkvæmdir á því svæði.

Í umfjöllun um fornleifar í skýrslu Landsnets kemur fram að Landsnet hyggist frá til liðs við sig fornleifafræðing sem muni sjá um minjaskráningu á strengleiðinni áður en framkvæmdaleyfi verða veitt. Leiði fornminjakönnun í ljós áður óþekkta minjastaði verði strengleiðinni hnikað til eða gripið til annarra aðgerða sem minjavörður leggur til. Bent skal á að taka þarf tillit til fornleifa sem þegar kunna að vera þekktar innan áhrifasvæðis strengleiðarinnar líkt og áður óþekkttra fornleifa sem fornleifaskráning mun leiða í ljós.

Fornleifaskráning á strengleið Dalvíkurlínu 2 liggur ekki fyrir og því er ekki hægt að meta áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar á þessu stigi. Eins og fram kemur í skýrslu Landsnets á að skrá fornleifar á áhrifasvæði framkvæmdarinnar áður en framkvæmdaleyfi verður veitt. Minjastofnun Íslands mun veita umsögn um beiðni um framkvæmdaleyfi þegar þar að kemur. Til að geta veitt slíka umsögn þurfa niðurstöður fornleifaskráningarinnar að hafa borist stofnuninni. Auk upplýsinga um fornleifar á svæðinu er mikilvægt að stofnuninni berist loftmynd/kort þar sem útlínur og staðsetning fornleifa er sýnd ásamt legu strengsins. Þá þarf að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar. Í umsögn sinni mun Minjastofnun gera grein fyrir mótvægisáðgerðum sem stofnunin telur að grípa þurfi til vegna fornleifar innan framkvæmdasvæðisins.

Að því gefnu að gengið verði að kröfum Minjastofnunar um skráningu og upplýsingagjöf til stofnunarinnar sem fram koma hér að ofan telur Minjastofnun Íslands að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson ([Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))



Akureyrarbær

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Akureyri, 11. ágúst 2022  
2022070810 / 09-206

**Efni:** Dalvíkurlína 2 - beiðni um umsögn vegna umhverfismats

Skipulagsráð hefur á fundi sínum þann 10.8.2022 gert eftirfarandi bókun:

Erindi Skipulagsstofnunar dagsett 26. júlí 2022 þar sem óskað er umsagnar Akureyrarbæjar um hvort fyrirhuguð framkvæmd við lagningu Dalvíkurlínu 2 sé háð mati á umhverfisáhrifum. Frestur til að skila umsögn er veittur til 24. ágúst 2022. Meðfylgjandi er tilkynning um framkvæmd til ákvörðunar um matsskyldu og umhverfismatskýrsla, unnin af Verkís verkfræðistofu fyrir Landsnet.

*Það er mat Akureyrarbæjar að í tilkynningunni sé ágætlega gerð grein fyrir umræddri framkvæmd hvað varðar land Akureyrarbæjar.*

*Akureyrarbær telur ekki ástæðu til að umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Pétur Ingi Haraldsson  
Skipulagsfulltrúi Akureyrarbæjar

Óskir þú rökstuðnings fyrir ákvörðun skal beiðni berast innan 14 daga frá birtingu ákvörðunar. Vakin er athygli á því að hægt er að óska þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Heimilt er að kæra ákvörðun til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar. Kæru skal beina til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Akureyri, 10.ágúst 2022  
2022070810 09-206

## Efni: Dalvíkurlína 2 – umsögn um matsskyldu

Skipulagsráð hefur mótttekið erindi Skipulagsstofnunar, dags. 26.júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Akureyrarbæjar um fyrirhugaða framkvæmd í tengslum við lagningu Dalvíkurlínu 2.

### Almennt um framkvæmdina

Um er að ræða lagningu á 66 kV 41 km löngum jarðstreng á milli Rangárvalla á Akureyri og Dalvíkur. Kynningarskýrslan gefur gott yfirlit um fyrirhugaða framkvæmd.

### Umhverfi

Skýrslan gerir ágætlega grein fyrir þeim þáttum sem geta orðið fyrir umhverfisáhrifum, þ.e. jarðmyndunum, gróðri, fugla- og vatnalífi, vatnsvernd, náttúruvernd, fornminjum, landslagi, hagrænum þáttum og innviðum og heilsu og öryggi. Að mati Akureyrarbæjar hefði einnig mátt fjalla um hugsanleg áhrif af framkvæmdinni á skógræktarsvæði, þ.m.t. áhrifa helgunarsvæðis jarðstrengs á skógrækt.

### Mótvægisáðgerðir og vöktun

Kynningarskýrslan gefur nokkuð gott yfirlit yfir fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir. Þó skortir á umfjöllun námur, mengunarvarnir og flutninga jarðefna á framkvæmdasvæðið.

### Niðurstaða með hliðsjón af 2.viðauka:


Það er mat Akureyrarbæjar að í tilkynningunni sé ágætlega gerð grein fyrir umræddri framkvæmd. Akureyrarbær telur ekki ástæðu til að umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### Leyfisveitingar á hendi Akureyrarbæjar

Akureyrarbær veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010.

Virðingarfyllt,  
f.h. Akureyrarbæjar

Pétur Ingi Haraldsson



Pétur Ingi Haraldsson  
Skipulagsfulltrúi

## Umhverfísráð 2022 - 374 (8.8.2022) - Dalvíkurlína 2 - Umsagnarbeiðni

**Málsnúmer** : 202207062  
**Málsaðili** : Skipulagsstofnun  
**Niðurstaða (stutt)** :  
**Fundardagur** : 08.08.2022

**Inngangur** : Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð hefur móttækið erindi Skipulagsstofnunar, dags. 26/07/2022, þar sem óskað er eftir umsögn vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar við Dalvíkurlínu 2 - 66 KV jarðstrengur á milli Akureyrar og Dalvíkur. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. / Í framkvæmdarlýsingu kemur fram að gert er ráð fyrir lagningu á 41 km löngum jarðstreng og nær framkvæmdasvæðið frá Rangárvöllum á Akureyri til Dalvíkur. Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja örugga orkuafhendingu á Dalvík með tvöfaldri tengingu við meginflutningskerfið.

**Niðurstaða** : Umhverfísráð Dalvíkurbyggðar telur að gerð sé ítarlega grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, mögulegum umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum. Umhverfísráð telur að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fyrirhuguð framkvæmd fer að hluta til um hverfisverndarsvæði 807-Hv og 819-Hv og um Friðland Svarfdæla. Mikilvægt er að tryggja mótvægisáðgerðir svo fyrirhuguð framkvæmd raski ekki landslagi og lífríki á svæðinu. Umhverfísráð leggur áherslu á nýta framkvæmdina við stígagerð og að samþykki allra landeigenda, sem hagsmuna eiga að gæta, liggi fyrir áður en framkvæmdir við lagningu hefjast. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi hjá sveitarfélaginu sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdin er mikilvægur liður í að tryggja innviðaöryggi í sveitarfélaginu. Samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum.